STF er samband stéttarfélaga stjórnenda

STF fer jafnframt með samningsrétt fyrir hönd allra verkstjóra- og stjórnendafélaga. Skrifstofa okkar er í Hlíðasmára 8 í Kópavogi og er opin frá kl. 8.00 til 16.00 mánudag til fimmtudags og frá kl. 08:00 til 15:00 föstudag. Símsvörun er alla virka daga frá 9.00 til 15.00. Skrifstofan veitir alhliða upplýsingaþjónustu fyrir félagsmenn í aðildarfélögum STF t.d. upplýsingar um réttindi og kjör, samninga og sjúkrasjóð. Nánari upplýsingar um sambandið, lög þess og reglugerðir má finna á vefsíðunni www.stf.is.

Svona gerist þú félagsmaður í stjórnendafélagi

Þú sækir um aðild inn á www.stf.is eða hefur samband við skrifstofu STF í síma 553 5040.

Aðildarfélög STF

Brú félag stjórnenda Reykjavík
Stjórnendafélag Suðurnesja
Berg félag stjórnenda Norðurlandi eystra
Stjórnendafélag Jaðar Akranesi
Stjórnendafélag Vesturlands
Stjórnendafélag Vestfjarða
Stjórnendafélag Norðurland vestra
Stjórnendafélag Austurlands
Verkstjóra- og stjórnendafélag Vestmannaeyja
Stjórnendafélag Suðurlands

STF
Samband stjórnendafélaga

Hlíðasmári 8 · 201 Kópavogur · Sími 553 5040 · www.stf.is

STF
Samband stjórnendafélaga

Vissir þú?

Hagnýtar upplýsingar um STF

Vissir þú?

Sjúkrasjóður STF

Sjúkrasjóður STF er meðal sterkari sjúkrasjóða landsins.
Sjóðurinn hefur verið rekinn af mikilli alúð og ábyrgð síðan hann var stofnaður.
Sjóðurinn stendur undir greiðslum sjúkradagpeninga sem svarar 80% af launum
í veikindum meðlima STF. Einnig greiðir hann margvíslega styrki
tengda heilsufari félagsmanna.

Orlofskostir félagsmanna

Félög STF bjóða upp á margvíslega orlofskosti til félagsmanna.
Yfir 20 orlofshús standa félagsmönnum til boða og einnig hjólhýsi.
Flest húsin eru mjög vönduð og vel staðsett. Við kappkostum að
sinna þörfum félagsmanna varðandi orlofsmál.

Fæðingarstyrkur

Sjúkrasjóður STF greiðir starfandi stjórnanda styrk vegna fæðingar barns.
Þetta gildir einnig ef um frumættleiðingu er að ræða eða töku barns í varanlegt fóstur.
STF tekur þátt í að gera líf nýbakaðra foreldra ánægjulegt og léttir undir
fjölskyldulífinu með því að veita fjárstyrk.

Endurmenntun

STF veitir fjölbreytta námsstyrki. Samkvæmt samningum eiga stjórnendur kost á að
viðhalda og auka menntun sína og sérhæfingu. STF leggur áherslu á
stjórnunarmenntun og er í samstarfi við ýmsar menntastofnanir.

Stjórnendanám STF

Stjórnendanámið er sérhannað nám fyrir alla stjórnendur og verðandi stjórnendur.
Kennt er í fjarnámi og hentar því námið vel með vinnu. Námið er á Háskólastigi og
er kennt hjá Símenntun HA. Mikil ánægja er hjá nemendum sem sótt hafa námið.
Fyrirtækin sem sent hafa stjórnendur í námið eru einnig samhljóma um
að stjórnendanámið skili sér í betri starfsmönnum og bættum stjórnháttum.

Þjónusta STF

Starfsmenn félaganna innan STF hafa ríka þjónustulund og vilja þjónusta
félagsmenn sem best. Þjónustuver STF er í Kópavogi og eru starfmenn í
hverjum landshluta sem geta aðstoðað félagsmenn ef eitthvað kemur uppá.
Við gerum okkar besta í að svara spurningum um kjaramál og réttindi.
Aðstoð við ráðningasamninga og lagaleg aðstoð er í boði í ágreiningsmálum.

Heilsufars styrkir

Félagar geta fengið margvíslega styrki tengda heilsu- og heilsufari. Til dæmis
geta félagar fengið niðurgreidda margvíslega þjónustu eins og sjúkranudd,
kírópraktor og sjúkraþjálfun. Einnig býður STF uppá niðurgreiðslu á gleraugum,
laser aðgerðum á augum og heyrnartækjum. Félagar okkar geta einnig fengið
endurgreiðslu á fyrirbyggjandi læknisskoðunum svo sem krabbameinsleit og
reglubundnum læknis- og heilsufarsskoðunum.

Ánægðir félagsmenn

Það sem mestu máli skiptir hjá STF er að félagsmenn séu ánægðir
með þá þjónustu sem þeim er veitt. Í nýjustu viðhorfskönnunum hefur
komið í ljós að það er mikil ánægja meðal félagsmanna varðandi
þjónustu STF. Við leitumst við að mæta þörfum félaga og bæta úr þar
sem hægt er. Við erum hér fyrir þig.